

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða söluskatt af þeim fiskvinnsluvélum er falla undir 1. gr. reglugerðar þessarar sem tollafgreiddar hafa verið eða seldar eftir 1. október 1978.

Fjármálaráðuneytið, 27. nóvember 1978.

Tómas Árnason.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgða- ákvæðum	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgða- ákvæðum
	þús. kr.	þús. kr.
Grunnfjárhæð skv. lögnum, svarar til verkamanna- kaups í maí 1977, á gildistökutíma laganna	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:		
22. júní 1977	2 512	7 536
1. sept 1977	2 608	7 825
1. des. 1977	2 985	8 955
1. mars 1978	3 233	9 699
1. júní 1978	3 887	11 663
1. sept. 1978	4 027	12 082

Samgönguráðuneytið, 23. nóvember 1978.

Ragnar Arnalds.

Kristinn Gunnarsson.